



Er eldra fólk unglingar nútímans?

Ari Skúlason
Hagfræðingur

Landssamband lífeyrissjóða
29. maí 2018

Langlífi og samfélagsbreytingar - öldrun

- Upphaflega 6 greinar – þar af hafa 5 verið birtar á heimasíðu Landsbankans
- Skrifað til þess að vekja athygli á þeim breytingum sem eru komnar af stað og við stöndum frammi fyrir – benda á hversu miklar samfélagslegar breytingar fylgja þessari þróun
- Hugsað sem þjónusta og upplýsingar til viðskiptavina bankans – og allra sem skoða heimasíðuna
- Í greinunum er mikið um tölur af ýmsu tagi – ég mun ekki einbeita mér svo mikið af þeim hér – frekar að spá í þróun og heildarmynd
- Hagfræðideild skrifar töluvert um almenn efnahagsleg málefni af þessu tagi sem birt er á heimasíðu Landsbankans – hægt að fá áskrift að öllu því efni.
- Ég er ekki að gæta hagsmuna neins nema kannski sjálfs míns – á ekki mörg ár eftir á vinnumarkaði og er faeinn að miða allar spurningar við lífeyrisrétt
- Ég er búinn að vinna í rúm 13 ár í Landsbankanum og dótturfélögum hans, þar af á Hagfræðideild frá árinu 2012

Er eldra fólk unglingar nútímans?

- Ögrandi staðhæfing - það má færa viss rök fyrir því að þetta sé rétt – en auðvitað eru margar undantekningar
- Mismunur
 - Milli einstaklinga, kynja, tekjuhópa, menntun, lönd o.s.frv.
- Ný æviskeið komast í fókus – Nú er eldra fólk í fókus þar sem því er að fjölga mikið
- Ég bendi á æskuna sem dæmi um æviskeið sem einu sinni komst í fókus – sama má segja um tánínga á sínum tíma
- Þessi fókus skapaði tækifæri á sínum tíma – nýjar vörur, nýir sterkir neysluhópar
- Svipað má segja um eldra fólk í dag




Öldrun er staðreynd sem ekki er hægt að horfa fram hjá

- Flestar tölur sem eru notaðar í þessum efnum eru meðaltalstölur – verðum alltaf að hafa í huga að frávik frá meðaltali geta verið veruleg
- Eldra fólki á eftir að fjölga verulega – bæði í fjölda og hlutfallslega miðað við aðra hópa - óhjákvæmileg staðreynd
- Það sem ég skoða sérstaklega í fimm greinum:
 - Vinnumarkaður
 - Lífeyriskerfi og lífeyrissjóðir
 - Misjöfn staða fólks – jöfnuður/ójöfnuður
 - Gildi þess að geta búið sem lengst heima og hvernig tækniframfarir geta stutt við það
 - Getur fjármálamarkaðurinn orðið að liði
 - Aldurspíramídinn hefur hins vegar lítið með meðaltal að gera – sýnir talningu á öllum hausum

Mynd 7. Aldurspíramíðarnir 2017 og 2066, miðspá


Figure 7. Population age pyramids 2017 and 2066, medium variant



Þróun sem við vitum um – og gætum gert eitthvað í

- Íslendingar eru á eftir öðrum þjóðum í þessum málum – við erum yngri nú og verðum það áfram
- Framfærsluhlutfallið hjá okkur er því lægra en víðast hvar – og verður það
- Um 2060 verður fjórðungur Íslendinga eldri en 65 ára, en þriðjungur Evrópubúa. Nú eru um 14% okkar 65 ára og eldri
- Um 2060 verða Íslendingar sem eru 75 ára og eldri jafn stórt hlutfall af þjóðinni og 65 ára og eldri eru í dag
- Bandarískir karlmenn um sjötugt voru álíka hressir um aldamótin og sextugir voru í kringum 1970. Hafa „yngst“ um 10 ár á 30 árum – eða hvað?


Hlutfall Íslendinga eldri en 65 ára



Heimild: Hagstofa Íslands



Stóra myndin - þróun tveggja aldurshópa




Lengri og virkari tími eftir að þátttöku á vinnumarkaði lýkur

Erum von því að skipta æviskeiðinu á fullorðinsárum í þrennt.

- Nám
- Vinna
- Elliár
- Við erum líka von að horfa á elliárin eftir að starfsævi lýkur sem stuttan virkan tíma – og svo einhvers konar óvirka hvíld eða elli
- Ef fólk hættir á vinnumarkaði um eða fyrir sjötugt, geta mun fleiri en áður átt von á mun lengri virkum tíma en áður hefur verið
- Þessar breytingar munu hafa mikil samfélagsleg áhrif.
- Lítið breyst í umgjörð vinnumarkaðar

Hlutfall Íslendinga í elstu aldurshópunum




Heimild: Hagstofa Íslands



Við erum meiri vinnufíklar en aðrir

- Sérstaða Íslendinga á vinnumarkaði er mikil – við byrjum mun fyrr að vinna en aðrar þjóðir og hættum seinna
- Í rauninni má í mörgum tilfellum tala um ævilöng tengsl við vinnumarkað
- Miðað við þjóðir sem við berum okkur helst saman við er atvinnupátttaka 65 ára og eldri næstum tvöföld hér
- Í gamla daga spurði ég oft: Vinnum við svona mikið af því að kaupið er svo lágt – eða er kaupið svona lágt af því að við vinnum svo mikið?
- Spurningin um að vinna lengur brennur mikið á – víða nauðsyn, sums staðar löngun

Atvinnupátttaka 65 ára og eldri 2016



Heimild: OECD


Eldra fólk hefur löngum verið afgangshópur. Eftir seinna stríð þurfti fleiri hendur til þess að byggja upp. Eftir olúkreppuna var eldra fólk víða rutt úr störfum til þess að skapa pláss fyrir þá sem yngri voru.



Sterkt lífeyriskerfi hér – Minni byrði fyrir opinbera aðila

- Opinber eftirlaun eru hlutfallslega mun minni hér en víðast hvar annars staðar
- Við státum okkar af sterku lífeyriskerfi – sem er rétt að mörgu leyti
- Ísland, og Holland eru með mikla sérstöðu hvað lífeyriskerfin varðar
- Íslenska lífeyriskerfið er álíka stórt hlutfallslega séð og norski olíusjóðurinn (lífeyrissjóðurinn)
- Það erum við sjálf sem eigum kerfið, við rekum það og berum sameiginlega ábyrgð á því
- Hið opinbera hér ætti því að hafa góð efni og svigrúm til þess að laga þá galla sem kunna að vera á kerfinu og bæta það

Hlutfall opinberra eftirlauna af vergri landsframleiðslu 2011




Heimild: OECD



Hið opinbera á Íslandi sleppur tiltölulega billega

- Miðað við aðrar þjóðir sleppur hið opinbera á Íslandi nokkuð vel við aukinn þunga lífeyrisgreiðslna
- Lífeyrissjóðirnir hér eru greinilega góður stuðpúði fyrir opinber eftirlaun
- Miðað við aðrar þjóðir sparast mikið fé – er það notað í þágu þeirra sem gerðu sparnaðinn mögulegan?
- Hér eru miklar tengingar á milli kerfa sem gerir þátttöku á vinnumarkaði erfiðari en þyrfti að vera
- Hér horfa einhverjir til þess að hafa greitt í sjóði alla starfsævina og bera lítið úr bótum – kannski ekki meira en þeir sem ekkert hafa borgað

Breyting opinberra eftirlauna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 1990-2011




Heimild: OECD



Hlutfall eftirlauna af fyrri tekjum - við stöndum vel miðað við aðra

- Hér erum við enn að skoða meðaltalið – tölur frá OECD - en við erum fremst Norðurlandanna
- Þrátt fyrir að við börmum okkur mikið í umræðunni sýna tölur að við höfum það betra en margir aðrir
- Lífeyriskerfið okkar er enn að þroskast og það þýðir að næstum allir hafa sparað upp einhvern lífeyri
- Þeim fjölgar sem hafa sparað alla ævina þegar þeir fara á eftirlaun
- Í Bandaríkjunum er talið að um 40% fólks hverfi af vinnumarkaði án þess að eiga nokkurn lífeyrissparnað. Það sama gildir um 20% kvenna og 12% karla í Bretlandi.


Hlutfall eftirlauna af fyrri tekjum 2014



Að búa lengur á eigin heimili – betra fyrir alla

- Einu sinni voru stofnanir fyrir eldra fólk ekki til, fjölskyldan stóð saman allt til loka – síðan kom stofnanavæðingin – og nú er aftur áhersla á að fólk búi sem lengst á eigin heimili
- Væntanlega betra, þægilegra og ódýrara fyrir alla.
- Ýmsar tækniframfarir geta gert heimilið öruggara fyrir þá sem þar búa – símar, myndavélar – ýmis öryggisbúnaður
- Því fleiri sem búa heima og því lengur – því ódýrara er það öllu jöfnu fyrir samfélagið
- Hver borgar fyrir öryggisbúnað? – sem verður reyndar sífellt ódýrari – fleiri álíka spurningar geta komið upp – hver hagnast mest

Hlutfall fólks á aldrinum 55-74 ára sem hefur notað netið á síðustu 3 mánuðum




Heimild: OECD



Samfélagsmiðlar hjálpa mörgum og geta minnkað einangrun

- Samfélagsmiðlar eins og Facebook voru búnir til fyrir ungt fólk sem telur að það þurfi sífelld að vera í sambandi
- Sama má segja um ýmislegt annað eins og „dating“ síður
- Reynslan sýnir að þessar vörur unga fólksins eru mikið notaðar af þeim sem eldri eru – ekki síst þeim sem eru farnir af vinnumarkaði
- Tölvuþekking og tölvunotkun eldra fólks hefur aukist mikið
- Facebook hópur Gráa hersins er gott dæmi um virka þátttöku og notkun eldra fólks á samfélagsmiðlum

Hlutfall fólks á aldrinum 55-74 ára sem hefur notað netið á síðustu þremur mánuðum




Heimild: OECD



Tæknin eykur öryggi fólks inni á heimilum

- Ýmsar einfaldar og öruggar tækninýjungar geta aukið öryggi fólks inni á heimilum
- Nota má fjarskipti, síma og tölvur til þess að fylgjast með því að allt sé í lagi
- Óendanlegir möguleikar – t.d. gæti ísskápur séð sjálfkrafa um innkaup í gegnum netið
- Þarna er auðvitað spurning um að finna hentugt jafnvægi eins og í flestu öðru – það er auðvelt að týna sér í tæknilausnum.
- Þessir möguleikar gera fólki stundum kleift að búa heima mun lengur en annars væri, og þeir möguleikar munu væntanlega aukast.

Dagleg net- og tölvunotkun




Heimild: Hagstofa Íslands



Sterk eiginfjárstaða elstu hópanna

- Eðli málsins samkvæmt safnast upp eignir með aldrinum.
- Sífelld stærri hluti ráðstöfunartekna liggur hjá eldra fólki
- Í mörgum tilvikum er fasteignin stærsta eign fólks og besta tryggingin fyrir því að geta átt gott og áhættulaust ævikvöld. En fasteign skapar að jafnaði litlar tekjur og getur jafnvel skapað mikinn kostnað.
- Airb&b hefur breytt þessu eitthvað
- Minnkun hreinnar eignar í fasteign ætti að geta verið besta lausn margra til þess að fá jafnt tekjustreymi á efri árum. Eins konar öfugt íbúðalán gæti verið lausn í þessu sambandi.
- Mörgum finnast svona lausnir hins vegar hættulegar og fólk er oft hrætt um að missa heimili sín. Þessi markaður hefur til þessa verið lítill og samkeppni takmörkuð og hann hefur því verið dýr.
- Tryggingar vegna umönnunarkostnaðar eru líka atriði sem hafa verið í umræðu.
- Risaverkefni fyrir einkamarkað og hið opinbera ...

Meðal eiginfjárstaða aldurshópa 2016



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Það þarf öðruvísi hugsunarhátt gagnvart þessum nýja sterka þjófélagshópi

Gamli tíminn

- Einu sinni þurfti aðvörðunarskilti um eldra fólk eins og kýr væru að fara yfir götu
- Nú þurfa vegfarendur að passa sig á að þeir verið ekki hlaupnir niður af eldhressum „gamlingjum“



Nýi tíminn

